

Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs

Fjarfundur var haldinn í stjórn Sprotasjóðs 4. mars 2013. Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytinu: Sigurjón Mýrdal, formaður, Björk Óttarsdóttir, Björg Bjarnadóttir og Svandís Ingimundardóttir. Finnur Friðriksson og Gunnhildur Helgadóttir, umsýsluaðili Sprotasjóðs sátu fundinn í HA á Akureyri.

Sigurjón Mýrdal setti fundinn kl. 10:10. Gunnhildur Helgadóttir var fundarritari. Eftirfarandi liðir voru ræddir.

1) Nýafstaðið umsóknartímabil

Umsýsluaðili kynnti fyrir stjórn sjóðsins hvernig nýafstaðið umsóknarferli Sprotasjóðs hafði gengið fyrir sig. Heilt yfir gekk umsóknarferlið vel þrátt fyrir nokkra galla sem eru ennþá í eyðublaðinu. Umsýsluaðili tók niður lista yfir atriði sem þarf að skoða og var ákveðið að það yrði skoðað eftir að búið yrði að fara yfir umsóknirnar og vinna þá vinnu sem því fylgir. Fjöldi umsókna þetta árið var nokkuð færri heldur en síðasta ár eða 115 og skiptast þær þannig eftir skólastigum.

- Grunnskólar 54
- Framh.skólar 39
- Leikskólar 13
- Þvert á skólast. 4
- Óflokkað 5

Þessi flokkun er gróflega gerð og á mögulega eftir að breytast meðfram yfirferð stjórnar á umsóknunum. Umsýsluaðili hefur þegar skipt niður umsóknum á stjórnarmenn og mun senda þeim skjal með flokkun umsókna eftir áherslusviðum og landssvæðum. Einnig mun umsýsluaðili senda stjórnarmönnum reglur sem hafðar eru til hliðsjónar þegar farið er yfir umsóknirnar.

2) Skipulag funda

Fundarmenn settu niður áætlun um næstu fundi sem er þó gert með fyrirvara um breytingar.

12. mars kl. 09:30 - 16:45 Mennta- og menningarm.ráðun.

20. mars kl. 09:00 - 14:00 Fjarfundur

25. mars kl. 09:30 - 16:45 Mennta- og menningarm.ráðun.

4. apríl kl. 09:30 - 16:45 Mennta- og menningarm.ráðun.

3) Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira var ekki rætt á fundinum og honum slitið kl. 11:10